



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 8. október 2018

Efni: Tillaga til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, (21. mál.)

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 20. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreinda tillögu til þingsályktunar.

Umboðsmaður barna fagnar tillögunni og telur að lögfesting samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks muni styrkja stöðu fatlaðra barna hér á landi.

Fötluð börn eru sérstaklega berskjaldaður hópur og afar mikilvægt að gripið sé til ráðstafana sem eru til þess fallnar að styrkja stöðu og réttindi þeirra. Fötluð börn eru margbreytilegur hópur og með lögfestingu samningsins væri tryggt að honum verði í auknum mæli beitt í framkvæmd og réttindum fatlaðra barna verði gefið aukið vægi. Einnig væri tryggt að hægt sé að byggja rétt á samningnum með beinum hætti fyrir dómstólum og ábyrgð ríkisins skýr í þeim efnum.

Umboðsmaður barna tekur undir með flutningsmönnum að lykilatriði sé að hafa samstarf og samráð við fatlað fólk, réttinda- og hagsmunasamtök þess, persónulega talsmenn og sérfræðinga í málaflokknum til þess að hægt sé að gera markvissar og viðeigandi breytingar og ráðstafanir í allri stefnumótun, áætlanagerð, reglusetningu og framkvæmd. Einnig vill hann bæta við að þegar um er að ræða málefni sem snúa að fötluðum börnum þá er nauðsynlegt og jafnframt skylt að leita eftir skoðunum og sjónarmiðum þeirra, sbr. 12. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013.

Umboðsmaður barna styður einnig að áhersla verði lögð á að valkvæður viðauki við samninginn verði fullgildur hér á landi. Í viðaukanum er fjallað um kæruleið fyrir einstaklinga og hópa til alþjóðlegrar eftirlitsnefndar ef þeir telja að íslensk stjórnvöld hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum gagnvart þeim og búið er að tæma kæruleiðir innanlands. Afar mikilvægt er að alþjóðlegur eftirlitsaðili geti lagt mat á það hvort þær aðgerðir sem ríki grípa til séu nægar til að veita einstaklingum þau lágmarksréttindi sem þeir eiga rétt á samkvæmt samningnum. Í þessu samhengi vill umboðsmaður einnig benda á mikilvægi þess að undirrita og fullgilda þriðju valfrjálsu bókunina við Barnasáttmálann en bókunin veitir börnum eða fulltrúum þeirra sambærilega heimild til að fara með málið sitt til barnaréttarnefndarinnar, eftir að búið er að tæma kæruleiðir innanlands, ef þau telja að ríkið sé ekki að uppfylla skyldur sínar samkvæmt Barnasáttmálanum.

Að lokum vill umboðsmaður barna taka fram að hann vinnur að því að koma á fót sérfræðihópum fatlaðra barna í þeim tilgangi að ná fram röddum þeirra og skoðunum á ýmsum málefnum sem snúa að þeim. Umboðsmaður mun í framhaldinu gefa út skýrslu með niðurstöðum sérfræðihópanna sem mun nýtast til dæmis við stefnumótun, áætlanagerð eða reglusetningu í málaflokknum.

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal,
umboðsmaður barna